

Ávarp

Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra við opnun ráðstefnu um stuðning ESB við atvinnuuppbyggingu og byggðapróun í aðildarríkjunum, Salnum í Kópavogi 15. apríl 2010

HÍÐ TALADA ORÐ GILDIR

Góðir ráðstefnugestir,

Ég vil aftur á því ástkæra, ylhýra bjóða ykkur hjartanlega velkomin til þessarar ráðstefnu um stuðning ESB við atvinnuuppbyggingu og byggðapróun. Við beislum tæknina, þessi ráðstefna er send út á vefnum, og mér er kunnugt um að víða um land eru hópar og áhugamenn komnir saman til að fylgjast með á netinu. Fyrir hönd okkar hér í Salnum í Kópavogi býð ég ykkur sem fylgist með fjarri velkomin í hópinn.

Framundan eru tveir dagar, vonandi innihaldsríkir, þar sem fjallað verður um málefni sem skipta miklu máli. Byggða- og atvinnumálin snerta alla Íslendinga og brenna kannski heitar á okkur núna en nokkru sinni fyrr.

Íslendingar hafa aldrei staðið frammi fyrir varanlegu atvinnuleysi svo nokkru nemi. Ég er sjálfur af kynslóð þar sem menn gátu yfirleitt valið um störf og lífið byggðist oft á því að vera í 2-3 störfum á fjárfrekum átakaskeiðum í lífi ungra fjölskyldna. Bankahrunið með öllum sínum geigvænlegu afleiðingum hefur breytt þessu.

Þó spár greiningarstofnana og alþjóðlegra stofnana um atvinnuleysi í upphafi kreppu hafi ekki gengið eftir, og atvinnuleysi sé sem betur fer töluvert minna en

spáð var í upphafi bankahruns, þá er samt engum blöðum að fletta um þá staðreynd að við þörfnumst á næstu árum róttækra aðgerða í atvinnumálum. Þar, ekki síst, liggja áskoranir dagsins.

Við getum ekki sætt okkur við að 15 þúsund Íslendingar séu án atvinnu og það má aldrei gerast að atvinnuleysi festist hér í sessi. Þess vegna er þessi ráðstefna svo þörf og smellur raunar inn í brýnustu mál dagsins.

Atvinnumálin tengjast líka byggðamálunum með beinum hætti. Það er ótækt ef hinar dreifðu byggðar landsins sitja ekki við sama borð og höfuðborgarsvæðið hvað varðar tækifæri til að halda í fólkið sitt. Það segir gamall byggðaráðherra úr hundrað-og-einum sem að upplagi er líka sveitamaður í blóðinu. Ekkert á mínum ferli gegnum fjórar ríkisstjórnir hefur gefið mér eins mikla ánægju og vinna að byggðamálum og af fáu er ég jafn stoltur og þeirri staðreynd að síðasta árið mitt sem byggðaráðherra var jafnframt fyrsta árið þar sem þróuninni var snúið við eftir áratuga niðursveiflu, og fleiri fluttust á landsbyggðina en af henni.

Svo ég er vanur maður í byggða- og atvinnumálum!

Þessi ráðstefna hér í dag er einmitt kjörið tækifæri til þess að kynnast og fræðast um stuðning ESB við atvinnu- og byggðamál, hvernig við viljum undirbúa okkur fyrir aðild, og til að ræða stefnu og strauma í þessum málum í löndunum í kringum okkur.

Ágætu gestir,

Síðustu dagar hafa verið viðburðarríkir og öll höfum við fylgst náið með umræðu um skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis. Þar kom gríðarlega margt á óvart.

Rannsóknarskýrslan snýst um uppgjör við fortíðina. Í henni er skoðað hvað fór úrskeiðis, hvort og þá hvernig lög voru brotin og hverjir bera ábyrgðina. Nú

Þegar skýrslan liggur fyrir ber okkur að sýna þá ábyrgð að fjalla vandlega um hana og draga af henni rétta lærdóma. Það erum við meðal annars að gera á öðrum minna vinnustaða, þeim við Austurvöll, og út um allt samfélagið.

Umsókn Íslands um aðild að ESB snýst hinsvegar um framtíðina. Að fá úr því skorið hvað felst í aðild Ísland að ESB, skýra út hvaða heildarávinning það færir íslenskri þjóð, og hvernig tryggja megi grundvallarhagsmuni Íslands í aðildarsamningi.

Ég er þess fullviss að aðildarviðræðurnar muni ganga vel og að aðild, ef samþykkt af íslensku þjóðinni, muni reynast gæfuspor. Fyrir þeirri skoðun minni liggja mörg rök.

Í fyrsta lagi hefur ESB alltaf tekið vel á móti nýjum aðildarríkjum sem hefur tekist að verja grundvallarhagsmuni sína í aðildarsamningum. ESB hefur ávallt sýnt sveigjanleika og skapandi hugsun til þess að koma til móts við þarfir nýrra aðildarríkja. Gildir einu hvort um er að ræða landbúnað á norðurslóðum eða í Ölpunum, sumarbústaðajarðir á Jótlandi eða fiskveiðar á Möltu, - í öllum tilvikum hefur tekist að finna lausnir sem tryggja allra hag.

Það er enginn efi í mínum huga um að við Íslendingar getum í komandi aðildarviðræðum náð samningum sem tryggja að hér verði áfram blómlegur sjávarútvegur, þróttmikill landbúnaður og sterkur alþjóðlegur gjaldmiðill. Við höfum sterkari stöðu í samningum en flestir gera sér grein fyrir.

Samkvæmt reglum Evrópusambandsins á ekkert aðildarríkja tilkall til veiðiheimilda í íslenskri lögsögu. Íslenskur sjávarútvegur er gríðarlega öflugur og samkeppnishæfur.

Íslenskur landbúnaður nýtur jafnframt ótvíræðrar sérstöðu, hann er umhverfisvænn og íslenskir bændur framleiða frábærar afurðir sem ég er viss um að ekki bara Íslendingar munu áfram kaupa, heldur einnig neytendur um alla

Evrópu. Við höfum líka sterkt hald í þeirri staðreynd að í víðsjálum heimi verða þjóðir, ekki síst þær sem eru úr alfaraleið, að búa við tryggt fæðuöryggi. Það er heldur enginn efi í mínum huga um að með tilliti til fyrirhugaðra breytinga í heiminum í kjölfar samninga Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verður íslenskum landbúnaði betur borgið innan Evrópusambandsins en utan.

Í öðru lagi hafa hrakspár og hræðsluáróður í tengslum við Evrópusamstarfið og Ísland aldrei reynst á rökum reistar. Þannig var bæði talið að aðildin að EFTA árið 1970 og EES rúmum tveimur áratugum síðar myndu leiða til þess að við glötuðum sjálfstæðinu, landið yrði fámennt, fátækt, við myndum missa bæði lönd og gæði og tapa yfirráðum yfir fiskveiðiauðlindinni. Ekkert af þessu gerðist. Þróunin varð gagnstæð.

Síðast en ekki síst hefur Evrópusambandið náð veigamiklum árangri í að tryggja stöðugleika í aðildarríkjum sínum með lágri verðbólgu og vöxtum, heilbrigðu viðskiptaumhverfi og viðvarandi og hóflegum hagvexti.

Ég er þeirrar skoðunar, með hliðsjón af þeim alvarlega vanda sem við blasir á Íslandi eftir hrunið, að nú sé enn meiri ástæða en nokkru sinni fyrr að fá úr því skorið hvað í aðild getur falist.

Þegar við horfum til framtíðar, og endurreisnarleiðangursins sem við erum stödd í, þá má segja að Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, taki vel utan um kjarna þessa máls í stórmerku viðtali við DV fyrr í vikunni þar sem hann segir að það sé hönnunargalli á íslenska kerfinu. Til framtíðar standi valið um evru eða krónu með varanlegum gjaldeyrishöftum.

Umsókn um aðild er þannig grundvallarþáttur í endurreisn Íslands. Við þurfum traustari umgjörð utan um okkar atvinnu- og efnahagslíf. Við þurfum langtímastöðugleika fyrir fjölskyldur og fyrirtæki og við þurfum að rjúfa vítahring verðbólgu, vaxta og verðtryggingar sem allt sligar. Við þurfum að losa okkur við kollsteypuhagkerfið.

Út frá þessum valkostum hafa stjórnarflokkarnir staðið fast við þá grundvallarafstöðu að fara í aðildarviðræður, ljúka samningi og að því loknu að láta þjóðina sjálfa eiga lokaorðið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Á því er engin breyting.

Við skulum því standa saman um að aðildarferlið verði okkur öllum til sóma, að hér fari fram opin og lýðræðisleg umræða um kosti og galla aðildar. Við skulum bera virðingu fyrir skoðunum hvers annars og ræða málin út frá því hvað best er fyrir Ísland í bráð og lengd.

ESB er ekki töfralausn en aðild getur orðið okkur að verulegu liði til að byggja hér nýtt Ísland, nýja framtíð.

Ég óska ykkur góðrar umræðu og skoðanaskipta á þessari mikilvægu ráðstefnu.